

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Nefndin hefur fengið á sinn fund Ingu Ósk Jónsdóttur og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti.

Heildarútgjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 5.501,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértækjur að fjárhæð 773,1 m.kr. sem nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.728,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.672,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 56,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Útgjöld iðnaðarráðuneytisins dragast saman um 1.145,5 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2010. Eins og fram kemur í frumvarpinu má segja að breytingum á útgjöldum megi skipta í þrennt. Í fyrsta lagi eru gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 454 m.kr. í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi falla til nokkrar nýjar útgjaldaskuldbindingar sem nema 43,5 m.kr. Í þriðja lagi falla niður ýmis tímabundin framlög að fjárhæð 644 m.kr.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni. Gert er ráð fyrir því að fjárheimild liðanna 11-299-150 Nýsköpun og markaðsmál og 11-599-190 falli niður vegna hagræðingar í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir því að samkeppnissjóðir á vegum iðnaðarráðuneytisins verði hinn faglegi vettvangur fyrir styrkúthlutanir sem þessar. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011 eru framlög til allra safnliða lækkuð um 34,5%. Meiri hlutinn vill vekja sérstaka athygli á því að Iðnaðarráðuneytið er eina ráðuneytið sem gerir tillögu um niðurfellingu safnliða þar sem skoðun ráðuneytisins á styrkúthlutunum frá ýmsum sjóðum á vegum ráðuneytisins leiddi í ljós að verkefni sem fengu úthlutanir af safnliðum voru í flestum tilfellum einnig að fá úthlutanir úr samkeppnissjóðum. Iðnaðarráðuneytinu var gert að skera niður um 454 m.kr. á fjárlögum ársins 2011. Með því að fella niður safnliði með fjárheimildum upp á 79,5 m.kr. var ætlun ráðuneytisins að verja samkeppnissjóðina fyrir niðurskurði. Þessir samkeppnissjóðir eru tækniþróunarsjóður, átak til nýsköpunar, vaxtarsamningar, menningarsamningar og Imprá – frumkvöðlastuðningur. Meiri hlutinn vill áréttta að með þessari ákvörðun ráðuneytisins er skref stigið í átt til þess að færa styrkúthlutanir frá ráðuneytinu alfarið í vaxtar – og menningarsamninga. Tryggja þarf að úthlutun fjármuna verði byggð á faglegum forsendum, gagnsæi, svæðisbundnum þörfum og virku eftirliti með nýtingu fjármuna.

Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um ýmis verkefni sem áætlað er að nemi samtals 392,5 m.kr. árið 2011. Ekki er gert ráð fyrir því að samningar um Háskólasetur Vestfjarða og Fræðslunet Austurlands, sem renna út á þessu ári, verða endurnýjaðir. Meiri hluti nefndarinnar vill benda á að fjármagn úr byggðaaáætlun á fimm ára tímabili, árin 2006 – 2010, var nýtt til að hjálpa fyrrgreindum þekkingarsetrum við að stíga sín fyrstu skref. Fyrrgreind áætlun hafi verið í samræmi við eina

af tuttugu og þremur aðgerðum sem ráðist var í að hrinda í framkvæmd stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006-2009 samkvæmt ályktun Alþingis frá 3. júní 2006. Þingsályktunin stefndi m.a. að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og bæta samkeppnisstöðu landsins með það að meginmarkmiði m.a. að styrkja menntunarlegt jafnræði með stóreflingu menntunar á landsbyggðinni. Var áskilið að téðu markmiði áætlunarinnar skyldi náð að stórum hluta í gegnum uppbyggingu háskóla- og þekkingarsetra. Frá upphafi var gert ráð fyrir því að fyrrgreindar stofnanir nýttu þennan fimm ára samningstíma til að tryggja framtíðarfjármögnun fyrir starfsemina en að þeim tíma loknum yrði fjárveitingum hætt. Meiri hlutinn bendir á að iðnaðarráðuneytið gerði einungis tímabundna samninga við fyrrgreind þekkingarnet en ekki önnur sem starfrækt eru víða um land. Mennta – og menningarmálaráðuneytið var jafnframt aðili að þessum samningum og njóta þessar stofnanir framlaga samkvæmt sérstökum liðum fjárlaga undir því ráðuneyti eða um 104 m.kr. á fjárlögum ársins 2011. Meiri hlutinn vekur athygli á því með hliðsjón af yfirvofandi niðurskurði að mikilvægt er að standa vörð um starfsemi þekkingarsetra um land allt og hvetur til þess að samræmd stefna verði mörkuð um framlög til rekstrar þeirra. Meiri hlutinn beinir því til iðnaðarráðuneytisins að mikilvægt er að tryggja rekstrargrundvöll fyrrgreindra þekkingarsetra þar sem samningur sem gerður var við ráðuneytið rennur út um áramót en hefur ekki verið endurnýjaður. Í því sambandi áréttar meiri hlutinn að sé um að ræða verkefni sem tengjast nýsköpun og þróun þá geti þekkingarnet Austurlands og Háskólasetur Vestfjarða sótt um fjármagn til þeirra úr viðeigandi samkeppnissjóðum en fyrrgreindar stofnanir fengu samtals 10,5 m.kr. úthlutað af vaxtarsamningum á árinu 2009.

Gert er ráð fyrir 81,7 m.kr. raunlækkun á fjárveitingum til Byggðastofnunar og skýrist sú lækkun af sparnaðaráætlunum stjórnvalda. Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir 10,1 m.kr. lækkun á fjárveitingum til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni af þessum sökum. Þar sem hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni leggur meiri hlutinn áherslu á að þrátt fyrir almennan niðurskurð á fjárlögum ársins 2001 er brýnt að forgangsraða í þágu þeirra greina sem veitt geta samfélaginu viðspyrnu til nýrrar atvinnusóknar. Meiri hlutinn áréttar að nauðsynlegt er að fara vel yfir lánveitingar Byggðastofnunar í heild sinni sem og fjárstýringu hjá stofnuninni með það fyrir augum hvernig stofnunin geti sem best mætt áhættu vegna gengis, vaxta og fjármögnunar. Einnig vill meiri hlutinn benda á að rétt sé að taka til endurskoðunar þá löggjöf sem nú gildir um starfsemi Byggðastofnunar. Heildarfjárveiting til orkumála lækkar um 559 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar verðlagsbreytingar. Gert er ráð fyrir því að draga úr útgjöldum málaflokksins sem nemur 232,2 m.kr. til að mæta markmiðum um aðhald í útgjaldaramma ráðuneytisins. Fjárveiting á fjárlagalið 11-373 Niðurgreiðslur á húshitun, er 974 m.kr. ef halda á algjörlega óbreyttum niðurgreiðslum til raf- og olíuhitunar og er það 188,5 m.kr. lækkun frá síðustu fjárlögum eða 13,8%. Fjárveitingin skiptist á fimm verkefnaliði en í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er nánar mælt fyrir um úthlutun þessa fjár. Byggist lækkunin á aðhaldsaðgerðum sem ráðist verði í þar sem horft verði til sjónarmiða um bættu orkunýtni og orkusparnað, einföldun og forgangsroðun sem grundvallist á að hitun íbúðarhúsnæðis gangi fyrir. Iðnaðarráðuneytið á í viðræðum við sveitarfélög á köldum svæðum um að útfæra blandaða leið sem felur í sér lækkun á öllum verkefnaliðum. Hún byggist á því sjónarmiði að stuðla að bættri orkunýtni og orkusparnaði og eiga framlög til hitunar íbúðarhúsnæðis þar sem um er að ræða fasta búsetu að njóta forgangs.

Meiri hlutinn tekur undir þessar viðræður ráðuneytisins og áréttar mikilvægi jöfnunar lífsskilyrða á Íslandi og ítrekar að mikilvægt sé að ráðuneytið leiti allra leiða til þess að mæta þeim aðilum sem búa við hvað mesta skerðingu varðandi niðurgreiðslur á húshitun.

Alþingi, 22. nóv. 2010.

Kristján Möller, form.,
Lilja Rafney Magnúsdóttir.
Lilja Mósesdóttir.
Sigmundur Ernir Rúnarsson, með fyrirvara.
Magnús Orri Schram.
Margrét Tryggvadóttir, með fyrirvara.